

15. fundur miðstjórnar haldinn þann 21. september 2012

Mættir: Kristján Snæbjarnarson, Jens Heiðar Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Georg Georgsson, Kristín Benediktsdóttir, Andri Jóhannsson, Eyjólfur Ólafsson, Finnur Víkingsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Eva K Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Ómar Baldursson, Grétar Guðmundsson, Jón Ingi Skúlason Öfjörð, Sighvatur Sighvatsson, Jakob Tryggvason, Bára Halldórsdóttir.
Forföll: Guðrún Bergþórsdóttir, Helgi Jóhannsson, Einar Kristinsson.

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar

Dagný Aradóttir nýr lögfræðingur kom og kynnti sig. Hún hefur aðstöðu hér á Stórhöfða 31. Félagsmenn eru hvattir til að leita til hennar ef á þarf að halda.

2. Þing ASÍ

Þing ASÍ verður haldið 17.-19. Október 2012

Meðfylgjandi er minnisblað frá ASÍ um úthluthlutun þingfulltrúa og þar kemur fram að við eigum 19 fulltrúa.

a. Þingfulltrúar

Kristján lagði fram blað með nöfnum um aðal og varafulltrúa, voru þeir samþykktir.

Sjá fylgiskjal.

b. Tilnefningar

Í miðstjórn ASÍ 2012-2014 voru tilnefndir:

Kristján Þórður Snæbjarnarson aðalmaður

Jens Heiðar Ragnarsson varamaður

Þeir voru samþykktir.

3. Stórhöfði 31

a. Leigusamningur við FBM

Leigusamningur liggur fyrir. Kristján fór yfir samninginn sem framkvæmdarstjórn hefur unnið að. Samningurinn er fylgiskjal með fundargerð.

4. Innheimtumál

Tilkynning til félagsmanna

Kynnt var yfirlýsing sem send verður til félagsmanna sem eru að detta út af félagaskrá og verða því réttindalausir gagnvart sambandinu. Hún var samþykkt og er fylgiskjal með fundargerð.

5. Önnur mál

Þing ASÍ-UNG

Svanborg sagði frá þingi ASÍ-UNG og því sem þar fór fram, en því miður var mæting ekki góð.

Nokkar breytingar voru samþykktar m.a. að aðalfundur þeirra verði haldinn mánuði fyrir þing ASÍ.

Hún biður um að félögin hjálpi til að virkja unga félagsmenn og leggur til að aðildarfélag RSÍ leiti eftir ungliðum á aðalfundum félaganna þau ár sem ASÍ-UNG þing eru.

Allt gengur vel í Vaglaskógi, framkvæmdir í fullum gangi. Bæta þurfti aðeins í kostnað þar sem þurfti að skipta um rotþró. Allt annað á áætlun.

Næsti fundur 12. október.

Fundi slitið 15:45

Fundargerð ritar Bára Halldórsdóttir